



### Kennarar

Bertha I. Johnsen (BEJ), Guðbjörg Grímsdóttir (GGR), Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir (GDS) og Puríður M. Björnsdóttir (PMB)

### Áfangalýsing

Orðspor er grunnáfangi í málfari og ritun. Í áfanganum er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að nemendur vandi mál sitt og auki orðaforðann. Verkefni eru bæði skrifleg og munnleg.

### Markmið áfangans

#### Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- málfræðihugtökum og hugtökum sem nýtast í tal- og ritmáli
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- mismunandi tegundum bókmennta og nytjatexta
- á margs konar málsniði

#### Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun og koma skoðun sinni á framfæri á skýran og greinargóðan hátt
- nýta hjálpargögn á markvissan hátt við frágang ritsmíða og framsetningu efnis
- nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- flytja mál sitt af nokkru öryggi á góðu máli
- lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra

#### Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í sambandi við námsefnið
- styrkja eigin málfærni
- beita skýru, lýtalausum máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- tjá afstöðu og efasemdir um efnið sem unnið er með og komast að niðurstöðu
- hafa vald á áhrifaríkri málnotkun, svo sem með stílbrögðum

## Námsefni

Orðsporshefti, rafrænt á Innu.

## Námsmat

Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum áfangans á tilsettum tíma. Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum. Athugið að nemendur þurfa að ná 5,0 á málfarsprófinu, að öðrum kosti taka þeir annað próf.

40%	Málfar; próf og verkefni
30%	Ritun
15%	Kjörbók; próf
15%	Framsögn og tjáning

## Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma, tölvuunnum sé farið fram á það. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf. ATH! Nemandi þarf að skila verkefnum í öllum námsþáttum til þess að standast áfangann.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur og notkun gervigreindar er bönnuð og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

## Vinnuáætlun – haustönn 2023

Dags.	Viðfangsefni
18. ágúst	Áfangi kynntur.
21.-25. ágúst	1. kafli: Meðferð og bygging tungumálsins. Kjörbók valin og lestur hefst.
28. ágúst-1. sept.	2. og 3. kafli: Fallorð.
4.-8. sept.	Verkefnavinna og upprifjun úr kafla 2 og 3.
11.-15. sept.	4. kafli: Sagnorð.
18.-22. sept.	5. kafli: Orð og orðanotkun.
25.-29. sept.	Upprifjun og málfarspróf.
2.-6. okt.	Ritun, verkefni. Lesa kafla 6 í lesheftinu. Ritun, ýmsar æfingar. Kjörbókarpróf.
9.-13. okt. Haustfrí fim.+fös.	Ritun, rökfærsla.
16.-20. okt. Valdagur – miðannarskil	Ritun, heimildavinna.
23.-27. okt.	Ritun, heimildavinna.
30. okt.-3. nóv.	Ritun, heimildavinna – lokaskil.
6.-10. nóv.	Ritun/framsögn.
13.-17. nóv.	Framsögn. Kveðjuræða og orð dagsins.
20.-24. nóv.	Atvinnuviðtal. Bréf og myndband/kynning.
27. nóv.-1. des. Dimmisjón	Ræða, með/móti.
4.-6. des. Námsmat hefst 7. des.	Uppsóp.

17. ágúst 2023

Með fyrirvara um breytingar,  
íslenskukennarar